

Fundargerð 138. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 7. janúar 2025 kl. 13:00-14:30
Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Finnþogi Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Eyrún Björk Valsdóttir.

Gestur: Fjóla María Lárusdóttir

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt og send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Staðfest úthlutun til fræðsluaðila 2025 (fskj. 02. Úthlutun 2025)

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

3. Niðurstaða raunfærnimats hjá Borgarholtsskóla – (fskj. 03 Niðurstöður verkefnis) Fjóla María Lárusdóttir

Afgreiðsla: Fjóla María fór yfir verkefnið og árangur verkefnisins.

Nítján einstaklingar fóru í raunfærnimat í sex greinum; bifvélavirkjun, bifreiðasmíði, vélvirkjun, pípulögnum, félagsliða og leikskólaliða. Meðalaldur var 39,5 ár en meðalaldur í raunfærnimati á landsvísu (tölfræði FA) er 37,7 ár.

Meðal annarra niðurstaðna er að:

- Kostnaður Borgarholtsskóla á hvern nemenda er að meðaltali rúmar 273 þúsund pr. einstakling, en væri rúmar 287 þúsund miðað við reiknilíkan Fræðslusjóðs.
- Tíminn sem raunfærnimatið tók BHS, með ráðgjöf, var að jafnaði 22,7 klukkustundir, en áætlun FA/Fræðslusjóðs gerir ráð fyrir 22,4 klukkustundum.
- Metnar einingar hjá BHS voru að meðaltali 38,5 einingar, en meðaltal í sömum greinum á árunum 2021 – 2023, samkvæmt tölfræðiupplýsingum FA 47,2. Þess ber að geta þess að í tölum FA fyrir árin 2021, 2022 og hluta árs 2023 eru metnar einingar í vinnustaðanámi teknar með, en BHS mat ekki vinnustaðapátt námsins.

4. Rafrænt raunfærnimat – tilboð frá Konsept (fskj. 03 Tilboð Rafrænt raunfærnimat)

Kynnt var hugmynd að nýju rafrænu umsýslukerfi fyrir raunfærnimat.

5. Námskrá Færni á vinnumarkaði

Afgreiðsla: Samþykkt að fresta til næsta fundar.

6. Önnur mál

a. Tilnefningar í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarverkefna 2025

b. Forgangssvið nýsköpunar- og þróunarverkefna 2025

Afgreiðsla: Liðir a. og b. afgreiddir saman. Starfmaður FA sendi stjórnarmönnum upplýsingar um fulltrúa í úthlutunarnefnd 2024 og yfirlit yfir forgangssvið undanfarinna ára. Stjórnarmenn sendi tilnefningar um fulltrúa í úthlutunarnefnd til FA fyrir næsta fund í febrúar og tillögur að forgangsverkefnum